

Hreppsnefnd Árneshrepps,
Skipulags- og byggingarfulltrúi,
Bogi Kristinsson Magnúsen,
Miðbraut 11,
370 Búðardal

Reykjavík 16. 10. 2017

Viðfangsefni: Ábendingar og athugasemdir við auglýsta tillögu að breytingum á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005 - 2025 og auglýsta tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði í Árneshreppi, auglýstar þann 31. ágúst 2017.

Nú liggur annars vegar fyrir tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Árneshrepps 2005 - 2025 og hins vegar tillaga að deiliskipulagi fyrir Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði.

Óbyggð víðerni, náttúra og menning Árneshrepps eru einstakar auðlindir. Ef framkvæmdir samkvæmt auglýstri breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps og tillögu að deiliskipulagi, vegna uppbyggingar Hvalárvirkjunar mun ná fram að ganga, mun verða óafturkræf breyting þar á. Með samþykki breytinga á aðalskipulaginu og fyrirliggjandi tillögu að deiliskipulagi, er verið að taka ákvarðanir sem munu gjörbreyta ásýnd náttúru í sveitarfélaginu til frambúðar og óafturkræft. Samhliða tapast ónýtt tækifæri til atvinnusköpunar, sem hægt væri að þróa, byggt á óbyggðum víðernum, sérstöðu náttúru og menningar.

Einn helsti kostur sem bent hefur verið á til þróunar atvinnulífs er stofnun þjóðgarðs. Þjóðgarðurinn gæti orðið burðarás í samfélaginu, ekki aðeins í Árneshreppi heldur á norðanverðum Vestfjörðum. Ef vel er haldið á spöðunum myndi hann ekki aðeins skapa störf fyrir umsjónarmenn hans, heldur einnig stuðla að afleiddri atvinnustarfsemi s.s. ferðaþjónustu, uppbyggingu fræðaseturs og annarri nýsköpun. Slík starfsemi gæti orðið aðdráttarafl fyrir fólk á öllum aldri, ekki síst brottflutt ungt fólk, sem gæti skapað sér atvinnutækifæri byggð á náttúru- og menningararfleifð Árneshrepps. Í þessu sambandi má benda m.a. á annars konar þjóðgarða en þá sem við þekkjum hérlendis, þjóðgarða þar sem búseta og atvinnustarfsemi er talinn sjálfsagður liður í sjálfbærri nýtingu og vernd. Slíka þjóðgarða er víða að finna, en benda má á Cairngorms þjóðgarðinn í Skotlandi sem gott fordæmi.

Undirritaður leggur því til á þessum tímamótum að Árneshreppur staldri örlítið við, áður en ákvörðun um framhald varðandi framkvæmdir til undirbúnings Hvalárvirkjunar er tekin. Tillaga mín er sú að Árneshreppur láti vinna kostamat, þar sem bornir væru saman helstu valkostir sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir, þar á meðal yrði stofnun þjóðgarðs, auk virkjunar. Ávinningur hvers kosts og

ókostir yrðu dregnir fram. Jafnframt yrði kortlagt hvaða lykilverkefni þyrfti að ráðast í til að Árneshreppur geti snúið vörn í sókn og tímarammi þar til þær breytingar sem sveitarfélagið telur nauðsynlegar eru líklegar til að ná fram í hverju tilfalli. Vegur yfir Veidileysuháls sem lengi hefur verið farartálmi yrði væntanlega ofarlega á blaði. Hvað raforkuöryggi fyrir Árneshrepp og Vestfirði varðar, þá væri jafnframt horft til þeirra kosta sem fyrir liggja, með eða án Hvalárvirkjunar.

Í þessari kostagreiningu gæti verið hagur af því að leita eftir stuðningi og hugmyndum m.a. frá brottfluttum íbúum og öðrum þeim sem er Árneshreppur kær; þar á meðal aðilum sem hafa tjáð sig um framtíðartækifæri önnur en Hvalárvirkjun.

Jafnframt yrðu nútíma þjóðgarðar skoðaðir þar sem búseta og atvinnustarfsemi er eðlilegur hluti.

Fá mætti sérfræðinga til samstarfs sem hefðu yfirumsjón með þessari vinnu. Þetta þyrfti að vera sérfræðingar á þessu sviði, sem sveitarfélagið ber traust til. Undirritaður er tilbúinn til að styðja þessa valkostagreiningu og fordæmisleit að hluta og finna hóp aðila sem tilbúnir væru að koma að þessu, þannig að tryggt væri að enginn kostnaður vegna ofangreindrar vinnu myndi falla á sveitarfélagið. Jafnframt yrði tryggt að kostunaraðilar hefðu ekkert með útkomu þessarar kostagreiningar að segja. Niðurstöður yrðu alfarið sveitarfélagsins og geta að mínu mati aðeins bætt þann grunn upplýsinga og rökstuðnings sem svo veigamikil ákvörðun þarf að byggja á.

Ég geri mér grein fyrir því að hugmynd um þjóðgarð virðist sem fugl í skógi meðan virkjunin er í hendi. Mestu skiptir að ef hægt er að gera hugmynd um þjóðgarð að veruleika með aðkomu áhugasamra aðila, bæði í atvinnulífi, stjórnsýslu og heima fyrir, þá verði sá möguleiki ekki sleginn af að óathuguðu máli. Þessi athugun, þ.e. kostamatið sem áður var nefnt, myndi aðeins útheimta nokkurra vikna þolinæði sveitarstjórnar og samstarf um mótun annarrar og áhugaverðrar sýnar á framtíðina.

Því er lagt til að Árneshreppur fresti því í bili að taka lokaákvörðanir hvað breytingar á aðalskipulaginu og samþykkt deiliskipulagsins varðar. Að ekki verði lokað fyrir tækifæri hvað sjálfbæra nýtingu náttúrunnar varðar. Undirritaður mun setja sig í samband við hreppsnefnd Árneshrepps á næstu dögum og kanna undirtektir ofangreindrar tillögu og leggja niður línur um næstu skref í því sambandi, ef áhugi er á því að kanna málið nánar.

Með óskum um farsæla þróun Árneshrepps og von um heillarikt samstarf.

Sigurður Gísli Pálmason, stjórnarformaður IKEA á Íslandi.

sigurdur.palmason@saga.is

s. 595-0900